

# Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

Ársreikningur 2019

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduós

kt. 451176-0139

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Byggðasamlagið er um rekstur menningar- og atvinnumála í Austur Húnavatnssýslu. Aðilar að samlaginu eru sveitarfélögin Blönduósþær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Hagnaður varð á rekstri byggðasamlagsins á árinu 2019 að fjárhæð 0,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Í árslok nam eigið fé byggðasamlagsins 108,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Ársverk á árinu voru 1,4.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin mun verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur samlagsins verði óverulegur og er það mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi þess.

Stjórn Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Blönduósi, / 2020.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Bygðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Bygðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, / 2020.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	Áætlun
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög aðildarsveitarfélaga .....		27.867.000	27.867.000
Aðrar tekjur .....		7.199.688	10.581.000
	3	<u>35.066.688</u>	<u>38.448.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	9.669.149	10.121.000
Annar rekstrarkostnaður .....		21.269.040	25.143.000
Afskriftir .....	6	3.156.168	3.070.000
		<u>34.094.357</u>	<u>38.334.000</u>
Rekstrarniðurstaða .....		972.331	114.000
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		45.917	30.000
Vaxtagjöld .....		( 105.412)	( 90.000)
		<u>( 59.495)</u>	<u>( 60.000)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins .....</b>	8	<u><u>912.836</u></u>	<u><u>54.000</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
Fasteignir .....	8	106.248.447	92.494.844
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	7	304.000	361.570
Fastafjármunir		<u>106.552.447</u>	<u>92.856.414</u>
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....		623.785	662.167
Aðrar skammtímaskuldir .....		26.488	89.580
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	7.786.266
Handbært fé .....		2.992.773	12.953.368
Veltufjármunir		<u>3.643.046</u>	<u>21.491.381</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>110.195.493</u>	<u>114.347.795</u>
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....	8	<u>108.331.639</u>	<u>107.418.803</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.863.854	6.928.992
Skuldir samtals		<u>1.863.854</u>	<u>6.928.992</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>110.195.493</u>	<u>114.347.795</u>





# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún. („Félagið“) er íslensk stofnun sveitarfélags og er lögheimili þess að Hnjúkabyggð 33, Blönduós. Starfsemi félagsins felst í rekstri menningar- og atvinnumála í Austur Húnavatnssýslu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

### c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 40 ár.

### e. Eignarhlutir í öðrum félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Framlög til ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

### f. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign byggðasamlagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### g. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### h. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymisýfirliti.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2019	Áætlun
Framlög aðildarsveitarfélaga .....	27.867.000	27.867.000
Aðrar tekjur:		
Eignatekjur .....	6.344.688	10.200.000
Aðrar tekjur .....	855.000	381.000
	7.199.688	10.581.000
Rekstrartekjur samtals .....	35.066.688	38.448.000

## Skýringar, frh.:

4. <b>Laun og launatengd gjöld</b>	2019	Áætlun
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	7.933.952	8.338.000
Launatengd gjöld .....	1.735.197	1.783.000
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>9.669.149</u>	<u>10.121.000</u>

Stöðugildi að meðaltali ..... 1,4

Laun stjórnar námu 595 þús. kr. á árinu 2019 en námu 663 þús. kr. á árinu 2018.

## 5. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka byggðasamlagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Framlög .....	0	27.867.000	27.867.000	27.867.000
Menningarmál .....	12.224.740	855.000	( 11.369.740)	( 13.020.000)
Atvinnumál .....	13.298.445	0	( 13.298.444)	( 15.606.000)
Fjármagnsliðir .....	105.412	45.917	( 59.495)	( 60.000)
Málaflokkar samtals .....	<u>25.628.597</u>	<u>28.767.917</u>	<u>3.139.322</u>	<u>( 819.000)</u>
Eignasjóður .....	8.571.174	6.344.688	( 2.226.486)	873.000
Byggðasamlag samtals .....	<u>34.199.771</u>	<u>35.112.605</u>	<u>912.836</u>	<u>54.000</u>

## 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	2019	2018
Heildarverð 1.1.....	190.207.088	186.764.780
Afskrifað áður.....	( 97.712.244)	( 94.642.128)
Bókfært verð 1.1.....	<u>92.494.844</u>	<u>92.122.652</u>
Viðbót á árinu.....	16.909.771	3.442.308
Afskrifað á árinu.....	( 3.156.168)	( 3.070.116)
Bókfært verð 31.12.....	<u>106.248.447</u>	<u>92.494.844</u>
Heildarverð 31.12.....	207.116.859	190.207.088
Afskrifað samtals.....	( 100.868.412)	( 97.712.244)
Bókfært verð 31.12.....	<u>106.248.447</u>	<u>92.494.844</u>
Afskriftahlutföll.....		2,5%

### Vátryggingaverð

Fasteignamat húsa nam 214,4 millj. kr. og lóða 16,5 millj. kr. í árslok 2019. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna 902,0 millj. kr. og vátryggingaverðmæti lausafjármuna 72,2 millj. kr.

## 7. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Hkjarni ehf. ....	63,3%	1.900.000	1.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar .....			( 1.596.000)
Hlutabréfaeign samtals .....			<u>304.000</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eigið fé 1.1.2018 .....	107.771.215
Rekstrarniðurstaða ársins .....	( 352.412)
Eigið fé 1.1.2019 .....	107.418.803
Rekstrarniðurstaða ársins .....	912.836
Eigið fé 31.12.2019 .....	108.331.639

### 9. Tengdir aðilar

Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins eru skilgreind sem tengdir aðilar, sem og aðal- og varamenn í samlagsstjórn auk æðstu stjórnenda. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Byggðasamlagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti byggðasamlagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ávkörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 10. Atburðir eftir reikningsskiladag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin mun verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur samlagsins verði óverulegur og er það mat stjórnenda að faraldurinn hafi ekki áhrif á rekstrarhæfi þess.